

Kirkja, klaustur og norskublandið ritmálsviðmið á Íslandi á miðöldum

Í íslenskum miðaldahandritum, einkum frá þrettánda og fjórtánda öld, ber nokkuð á norskum máleinkennum. Þetta eru merki í stafsetningu um framburðarbreytingar sem átt höfðu sér stað í norsku eða breytingar á beygingum sem vel eru þekktar í norsku en er venjulega ekki að finna í íslenskum handritum. Þessi einkenni, sem oftast eru nefnd *norvagismar*, hafa orðið kveikja mikilla umræðna um áhrif norsku á íslenskt mál á þessum tíma og möguleg norsk forrit að baki ýmsum íslenskum handritum. Þessi áhrif eru ekki meginumfjöllunarefni þessarar greinar heldur miklu fremur norsk einkenni í skrift og tákneitingu sem birtast í íslensku um svipað leyti en hafa hlotið minni athygli. Hér verður á það bent að þessi norsku skriftaráhrif hafi verið mun viðtækari en þau norsku áhrif sem byggðust á tungumálinu og voru að öllum líkindum hvorki djúprist né sérlega útbreidd.

Norsk-íslensk málþróun og norvagismar

Umræðunni um samband norskrar málþróunar og íslenskrar, einkum á tólftu öld og allt fram á þá fjórtánda, má í grófum dráttum skipta í tvennt, eins og hér er sýnt:

- (1) **Norsk-íslensk málþróun:** Sams konar málbreytingar er óumdeilanlega urðu í bæði norsku og íslensku. Meginspurningarnar eru þessar: Voru bein tengsl þarna á milli? Kveikti málbreyting í öðru tungumálinu málbreytingu í hinu? Eða áttu þessar breytingar sér stað sjálfstætt í tungumálanum tveimur?
- (2) **Norvagismar:** Tímabundin merki í stafsetningu á íslenskum handritum um framburðarbreytingar sem átt höfðu sér stað í norsku eða um beygingarbreytingar sem vel eru þekktar í norsku en er venjulega ekki að finna í íslenskum handritum. Þessi merki er einkum að finna í íslenskum handritum frá þrettánda og fjórtánda öld en eftir það

fjara þau út. Þau sýna merki um málbreytingar sem óumdeilanlega urðu í norsku. Meginspurningin er þessi: Að hve miklu leyti festu þessar málbreytingar rætur í íslensku máli?

Hægt er að tína til ýmis dæmi um málbreytingar sem urðu bæði í íslensku og norsku, bæði hljóðbreytingar og breytingar á beygingum og setningagerð. Nefna má sem dæmi þrjár hljóðbreytingar sem þekktar eru bæði úr norsku og íslensku (á ólíkum tímum og með misjafna útbreiðslu):

- (1) Tvíhljóðun $a > [au]$
- (2) Lokhljóðsinnskot:
 - $rn > dn$ (*barn*)
 - $nn > dn$ (*beinn*)
 - $rl > dl$ (*karla*)
 - $ll > dl$ (*kalla*)
- (3) Linun lokhljóða á milli sérhljóða:
 - $p, t, k > b, d, g$

Í mörgum tilvikum benda heimildir til að þessar breytingar hafi orðið fyrir í norsku en í íslensku. Sú spurning hlýtur því óhjákvæmilega að vakna hvort þær málbreytingar hafi farið af stað í íslensku fyrir tilverknað norsku eða hvort breytingarnar hafi kviknað alveg sjálfstætt í íslensku án nokkurra áhrifa frá norsku. Um þetta hafa fræðimenn fjallað nokkuð, til dæmis Chapman og Hreinn Benediktsson í rækilegum ritdómi um bók Chapmans og nú síðast Kjartan Ottósson.¹

Þessi umræða hefur þó ekki leitt til neinnar einhlítrar niðurstöðu. Oft stafar það af því að torvelt er að lesa út úr tiltækum heimildum skýrar línur um aldur breytinganna og þar með getur verið erfitt að sýna fram á að breyting sé í raun eldri í norsku en í íslensku. Stundum er líka um að ræða breytingar sem algengar eru í tungumálum víða um heim, til dæmis tvíhljóðun langra

¹ Kenneth G. Chapman, *Icelandic-Norwegian Linguistic Relationships*. Norsk tidsskrift for sprogvidenskap suppl. bind 7 (Oslo/Bergen: Universitetsforlaget). Hreinn Benediktsson, ritdómur um *Icelandic-Norwegian Linguistic Relationships* eftir Kenneth G. Chapman, *Íslensk tunga* 4 (1963): 152–162. Kjartan Ottósson, „Heimenorsk innverknad på íslensk språk i mellomalderen, særleg i morfologien“, í *Útnordur. West Nordic Standardisation and Variation. Papers from a Symposium in Stockholm, October 7th 2001*, ritstj. Kristján Árnason (Reykjavík: Institute of Linguistics, University of Iceland Press, 2003), 111–152.

einhljóða, og því er erfitt að færa fyrir því sannfærandi rök að slík breyting hafi *ekki* getað orðið í íslensku án norskra áhrifa. Þá hefur líka verið bent á sams konar norsk-íslenska málþróun sem átt hefur sér stað á ólíkum tímum. Linun lokhljóða á milli sérhljóða, sem nefnd var hér að ofan, er dæmi um það. Einnig mætti nefna breytinguna *hv-* > *kv-* (*hvítur* > *kvítur*) sem gæti í norsku þegar á fjórtánda öld en fór ekki af stað í íslensku svo séð verði fyrr en á sautjándu öld.² Erfitt er að ímynda sér að sú breyting hafi orðið fyrir tilverknað norskra áhrifa á íslenskt mál. Í umræðunni um þessa málþróun í norsku og íslensku er meginspurningin sú hvort breytingarnar hafi orðið í íslensku fyrir tilverknað norsku eða hvort um sé að ræða sjálfsprottna málþróun í íslensku. Enginn ágreiningur er um að málbreytingin átti sér stað.

Þegar kemur að norvagismunum er meginspurningin aftur á móti sú hvort málbreyting átti sér stað í íslensku eða ekki. Hvað er á bak við þessi einkenni í textunum? Var þetta meira en einungis ritmálsfyrirbæri? Töluðu íslenskir skrifarar norskublandið mál? Töluðu fleiri en skrifararnir norskublandið mál? Náðu þessi einkenni einhverri útbreiðslu í íslensku málsamfélagi á þrettánda og fjórtánda öld? Hvers vegna hurfu þau á fimmtánda öld? Nefna má tvö dæmi um vel þekkta norvagisma:³

- (1) *lutr, ross, neigja* í stað *hlutr, hross, hneigja*
- (2) *ek kallar, ek hefir* í stað *ek kalla, ek hefi*

Þessi norsku einkenni eða norvagismar í máli og stafsetningu á íslenskum handritum urðu tilefni nokkurrar umræðu fræðimanna á sjötta og sjöunda áratug tuttugustu aldar. Seip áleit að þessi einkenni mætti oft hafa til marks um að íslenskir skrifarar hefðu skrifað eftir norskum forritum og meðal annars birti hann langar greinar (1951 og 1957) þar sem hann færði rök fyrir því að Konungsbók eddukvæða, GKS 2365 4to, frá um 1270, hefði verið skrifuð

2 Hreinn Benediktsson, „Icelandic Dialectology: Methods and Results“, *Íslensk tunga* 3 (1961–1962): 86. Hreinn Benediktsson, ritdómur um *Icelandic-Norwegian Linguistic Relationships* eftir Kenneth G. Chapman, *Íslensk tunga* 4 (1963): 156. Gunnar Karlsson, „Um aldur og uppruna kv-framburðar“, *Íslensk tunga* 6 (1965): 20–37.

3 Sjá annars yfirlit hjá Rune Kyrkjebø, „Norsk eller islandske skrivar i mellomalderhand-skrift – ei kritisk vurdering av bruken av språklege kriterium ved heimfesting“, *Nordica Bergensia* 29 (2003): 15–35.

eftir norsku forriti.⁴ Þessu andmælti Kuhn af festu og Lindblad, sem öðrum fremur hafði rannsakað Konungsbók eddukvæða, sá ekki ástæðu til að taka undir skoðanir Seips.⁵ Alfred Jakobsen fylgdi svo í fótspor lærimeistara síns, Seips, og færði rök fyrir því að Klárus saga í AM 657 B 4to og Holm perg. 6 4to hefði verið skrifuð (á Íslandi) eftir norsku forriti.⁶

Framan af snerist umræðan mest um áhrif norskra forrita en Jón Helgason benti á að rétt væri að hafa fleiri þætti í huga.⁷ Í einhverjum tilvikum hefðu norsk máleinkenni ef til vill náð tímabundinni fótfestu í mæltu máli á Íslandi en síðar horfið án þess að skilja eftir sig varanleg merki. Enn fremur væri hugsanlegt að íslenskir skrifarar hefðu að einhverju marki stælt norskt mál og ritvenju án þess að til kæmi norskt forrit eða norsk áhrif í þeirra eigin máli. Stefán Karlsson bætti því við að sum þessara norskulegu einkenna gætu verið ættuð úr gömlu íslensku forriti eða íhaldssömu máli íslensks skrifara.⁸ Þá færði Stefán rök fyrir því að íslenskir skrifarar hefðu skrifað bækur beinlínis fyrir norska lesendur og því leitast við að tileinka sér ýmis norsk einkenni í máli.⁹ Jan Ragnar Hagland og Magnus Rindal hafa síðan vakið athygli á því að áhrif íslenskra skrifara megi líka sjá að einhverju marki í norskum handritum.¹⁰

Bent hefur verið á tilvik þar sem sama málbreytingin birtist fyrst sem norvagismi í íslenskum handritum og hverfur aftur, en verður síðar sem sjálfsprottin breyting í íslensku, án þess þó að ástæða sé til að ætla að þar sé

4 Didrik Arup Seip, „Har nordmenn skrevet opp Edda-diktningen?“ *Maal og Minne* (1951): 3–33. Didrik Arup Seip, „Om et norsk skriftlig grunnlag for Eddadiktningen eller deler av den“, *Maal og Minne* (1957): 81–207.

5 Hans Kuhn, „Die norwegischen Spüren in der Liederreda“, *Acta Philologica Scandinavica* 22 (1952): 65–80. Gustaf Lindblad, *Studier i Codex regius av Äldre Eddan*. Lundastudier i nordisk språkvetsenskap 10 (Lund: Gleerup, 1954), 277–283.

6 Alfred Jakobsen, *Studier i Clarus saga. Til spørsmålet om sagaens norske proveniens* (Bergen, Oslo: Universitetsforlaget, 1964).

7 Jón Helgason, *The Arna-Magnæan Manuscript 674 a, 4to. Elucidarius* (Manuscripta Islandica 4, Copenhagen: Einar Munksgaard, 1957), xx.

8 Stefán Karlsson, „Om norvagismer i islandske håndskrifter“, *Maal og Minne* (1978): 87–101.

9 Stefán Karlsson, „Islandsk bogekspert til Norge i middelalderen“, *Maal og Minne* (1979): 1–17.

10 Jan Ragnar Hagland, *Riksstyring og språknorm. Spørsmålet om kongens kanselli i norsk språkhistorie på 1200- og første halvdel af 1300-tallet* (Dragvoll, 1985). Magnus Rindal, „Norsk eller islandsk. Ei drøfting av språkforma i norske og islandske mellomalderhandskrifter“, i *Íslensk málsaga og textafræði*, ritstj. Úlfar Bragason (Reykjavík: Stofnun Sigurðar Nordals, 1997), 113–120.

beint orsakarsamband á milli. Kjartan G. Ottósson fann í rannsóknnum sínum á þróun miðmyndar í íslensku tvær bylgjur í áhrifum 3. persónu myndar fleirtölu í 1. persónu (*ek kǫllumk* → *ek kallast*). Fyrst hefðu merki þessarar breytingar birst sem norvagismi í fjórtándu aldar handritum en ekki náð fótfestu í tungumálinu og fjarað út um 1400. Síðar, undir lok fimmtándu aldar og á sextándu öld, hefði sams konar breyting birst aftur og þá sem sjálfsprottin málbreyting í íslensku og hafði þá varanleg áhrif.¹¹

Í sem stystu máli má segja að þó að ýmsar hliðstæðar málbreytingar megi finna í sögu íslensku og norsku hafi ekki verið unnt að sýna fram á nein veruleg áhrif norsku á íslenskt mál. Norvagismarnir hurfu fremur snögglega í kringum 1400 án þess að skilja eftir sig varanleg merki og óeitanlega bendir það sterklega til að þessi norsku áhrif hafi hvorki verið ýkja útbreidd né djúprist. Önnur tegund norskra áhrifa hefur þó fengið minni athygli en þau sem hér hafa verið rædd, en það eru norsk áhrif á skrift og stafsetningu.

Norsk áhrif á skrift og stafsetningu

Á þrettándu og fjórtándu öld sjást í íslenskum handritum einkenni í skrift og stafsetningu sem vel eru þekkt í norskum handritum en voru fram að því ekki venjuleg í íslenskum handritum. Líklegt má því teljast að þessi einkenni hafi borist í íslenska stafsetningu úr norskri stafsetningu. Sum þessara einkenna náðu aldrei mjög mikilli útbreiðslu, sjást fyrst og fremst ásamt öðrum norvagismum og hverfa svo að mestu um 1400. Það á til dæmis við um notkun bókstafsins „æ“ fyrir hljóðið *e*, einkum í tvíhljóðunum *ei* og *ey* (*eigi* ritað „æigi“, *þeir* ritað „þæir“), notkun táknanna „fv“ eða „fu“ fyrir öngljóðið *f* eða *v* (*hafa* ritað „hafva“ eða „hafua“, *hefir* ritað „hefvir“ eða „hefvir“), notkun „gh“ fyrir öngljóðið *g* og stundum einnig lokhljóðið *g* (*saga* ritað „sagha“, *borg* ritað „borgh“), notkun „ea“ fyrir *ja* og *já* (*fylgja* ritað „fylgea“, *sjálfr* ritað „sealfr“) eða notkun „rs“ fyrir *ss*, einkum í fornafninu *sjá* (*þess* ritað „þers“, *þessi* ritað „þersi“, ýmist fullum fetum eða bundið með *erbandi*).¹² Þessi stafsetningareinkenni hurfu að mestu úr íslenskri stafsetningu

11 Kjartan G. Ottósson, *The Icelandic middle voice. The morphological and phonological development* (Lund: Department of Scandinavian Languages, Lund University, 1992), 161–207.

12 Stefán Karlsson, „Tungan“, *Íslensk þjóðmenning* 6, ritstj. Frosti F. Jóhannesson, 1–54 (Reykjavík: Bókaútgáfan Þjóðsaga, 1989), 40. [Endurprentun: Stefán Karlsson, *Stafkrókar. Ritgerðir eftir Stefán Karlsson gefnar út í tilefni af sjötugsafmæli hans 2. desember 1998*. Ritstj. Guðvarður Már Gunnlaugsson, 19–75. Rit 49 (Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, 2000), 53.]

í kringum 1400 eins og aðrir norvagismar. Ýmis önnur norskættuð einkenni í skrift og stafsetningu náðu þó mun meiri útbreiðslu og sum þeirra lifðu í íslenski skrift lengi eftir að norsk áhrif á Íslandi höfðu fjarast út.

Fyrstu tilraunir Íslendinga og Norðmanna til að rita texta á móður-málinu með latínuletri hafa ekki varðveist, en líklegt má teljast að þeir hafi skrifað karlungaskrift. Elstu varðveittu handritin, frá tólftu öld, eru sum hver með karlungaskrift (og þar er sums staðar farið að örla á frumgotneskum áhrifum) en á öðrum er skriftin fremur frumgotnesk, eins og Guðvarður Már Gunnlaugsson hefur nýlega fjallað um, og virðast norskir skrifarar hafa verið heldur fyrri til að tileinka sér frumgotnesku skriftina en starfsbræður þeirra úti á Íslandi.¹³

Skriftin á elstu íslensku handritunum er líka frábrugðin skriftinni á elstu norsku handritunum að öðru leyti. Þegar á elstu norsku handritunum er að finna skýr áhrif engilsaxneskrar skriftar sem birtist einkum í notkun og lögun einstakra bókstafa.¹⁴ Elsta handritið sem geymir norskan texta er AM 655 IX 4to frá um 1150–1200, þrjú blöð með brotum úr Plácíðus sögu, Blasíus sögu og Mattheus sögu postula. Þegar á þessu handritsbroti eru notuð fjögur tákn sem – auk bókstafsins „þ“ – má telja einkennandi fyrir engilsaxneska skrift:

13 Guðvarður Már Gunnlaugsson, „The origin and development of Icelandic script“, í *Régionalisme et Internationalisme – Problèmes de Paléographie et de Codicologie du Moyen Âge. Actes du XV^e Colloque du Comité International de Paléographie Latine (Vienne, 13–17 Septembre 2005)*, ritstj. Otto Kresten og Franz Lackner (Wien: Verlag der Österreichischen Akademie der Wissenschaften, 2008), bls. 87–94. Guðvarður Már Gunnlaugsson, „The Origin of Icelandic Script: Some Remarks“, í *The Fantastic in Old Norse/Icelandic Literature – Sagas and the British Isles. Preprint Papers of the Thirteenth International Saga Conference, Durham and York, 6th–12th August 2006*, ritstj. John McKinnell, David Ashurst og Donata Kick (Durham: The Centre for Medieval and Renaissance Studies, Durham University, 2006) 1, 314–319. Guðvarður Már Gunnlaugsson, „Manuscripts and Palaeography“, in *A Companion to Old Norse-Icelandic Literature and Culture*, ritstj. Rory McTurk, 245–264 (Malden: Blackwell, 2007), 255–256. Guðvarður Már Gunnlaugsson, „Caroline and Proto-Gothic Script in Norway and Iceland“, í *Latin Manuscripts of Medieval Norway. Studies in Memory of Lilli Gjerløw*, ritstj. Espen (Karlsen Oslo: Novus Press, 2013), 199–213.

14 Didrik Arup Seip, *Palæografi B: Norge og Island*, Nordisk kultur 28 B (Stockholm: Albert Bonniers förlag, 1954). Odd Einar Haugen, „The development of Latin script I: in Norway“, *The Nordic Languages. An International Handbook of the History of the North Germanic Languages*, ritstj. Oskar Bandle o.fl. 1, 824–832 (Berlin & New York: Walter de Gruyter, 2002). Hreinn Benediktsson, *Early Icelandic Script as Illustrated in Vernacular Texts from the Twelfth and Thirteenth Centuries*, Íslensk handrit, series in folio 2 (Reykjavík: The Manuscript Institute of Iceland, 1965), 18–40.

- (1) Engilsaxneskt „r“ sem hefur síðan láglegg og kvist sem teygir sig niður á grunnlínu: „r“.
- (2) Engilsaxneskt „v“ (fe. *wynn*, ættað úr rúnastafrófinu) sem myndað er af (nær) lóðréttum vinstri legg sem teygir sig niður fyrir grunnlínu og sveigðum hægri legg sem tengist vinstri leggnum við grunnlínu: „v“.
- (3) Engilsaxneskt „f“ sem situr lægra en karlungagerðin af „f“. Engilsaxneski stafurinn nær jafnhátt „o“ en lágleggurinn nær aftur á móti niður fyrir grunnlínu: „f“.
- (4) Bókstafurinn „ð“ sem er myndaður af bókstafnum „d“ með sveigðum legg, „ð“, og kvisti í háleggnum eða bugðu hægri megin við hann.

Engilsaxneskt „r“ er reyndar aðeins notað í einu öðru norsku handriti, brotinu NRA 73 frá um 1200, og þar eru aðeins tvö dæmi. Í norsku hómilíubókinni, AM 619 4to frá um 1200–1225, er þó stundum skrifað „n“ þar sem búast mætti við „r“ og það hefur þótt benda til að hún hafi, að minnsta kosti að hluta til, verið skrifuð upp eftir handriti þar sem engilsaxneskt „r“ var notað.¹⁵

Enginn þessara fjögurra stafa er í elstu íslensku handritunum, predikana-brotinu AM 237 a fol. (EIS nr. 2, SÍS nr. 3)¹⁶ og elsta hluta Reykjaholtsmáldaga (EIS nr. 1, SÍS nr. 2).¹⁷ Í elstu handritunum er tannmæltá önghljóðið táknað með bókstafnum „þ“ einum. Höfundur Fyrstu málfræðiritgerðarinnar, sem líklega hefur verið að verki um miðbik tólftu aldar, nefnir ekki „ð“ heldur aðeins „þ“.¹⁸ Það er líka athyglisvert að hann sér ekki ástæðu til að ræða tákun önghljóðsins sérstaklega, sem full þörf hefði þó verið á ef haft er í huga að „þ“ er viðbót við latneska stafrófið. Það má ef til vill hafa til marks um að „þ“ hafi þá þegar áunnið sér sess í stafrófinu en „ð“ hafi aftur á móti verið lítt þekkt og átt sér fáa formælendur; „ð“ hafi þess vegna ekki verðskuldað sérstaka umræðu

15 Seip, *Palæografi B: Norge og Island*, 9.

16 EIS = Hreinn Benediktsson, *Early Icelandic Script*; númerið vísar í númer á handritssýni. SÍS = Guðvarður Már Gunnlaugsson, *Sýnisbók íslenskrar skriftar* (Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 2007); númerið vísar í númer á handritssýni.

17 Hreinn Benediktsson, *Early Icelandic Script*, 20–21. Stefán Karlsson, „The development of Latin script II: in Iceland“, *The Nordic Languages. An International Handbook of the History of the North Germanic Languages* 1, ritstj. Oskar Bandle o.fl., 832–840 (Berlin & New York: Walter de Gruyter, 2002).

18 Hreinn Benediktsson, ed., *The First Grammatical Treatise*, University of Iceland Publications in Linguistics 1 (Reykjavík: Institute of Nordic Linguistics, 1972).

að hans mati.¹⁹ Skrifitin á elstu varðveittu íslensku handritunum er því ólík skriftinni á elstu varðveittu norsku handritunum að þessu leyti.

Breytingar verða þó á íslenski skrift við lok tólftu aldar og á fyrsta fjórðungi þeirrar þrettánda þegar hin engilsaxnesku afbrigði „v“ og „f“ og bókstafurinn „ð“ birtast á íslenskum handritum. Engilsaxneska afbrigðið af „r“ er aftur á móti óþekkt í íslenskum handritum. Ekki virðist ástæða til að efast um að þessi tákn – „v“, „f“ og „ð“ – hafi borist inn í íslenska skrift úr norski, enda fylgja þau vaxandi norskum áhrifum á Íslandi á öndverðri þrettánda öld.²⁰

Engilsaxneskt „v“ birtist í íslenskum handritum á seinni hluta tólftu aldar. Elsta dæmið er á Grágárbrotinu AM 315 d fol. frá um 1150–1175 (EIS nr. 3, SÍS nr. 4). Engilsaxneskt „v“ er einkum notað í upphafi orða en það nær aldrei viðlíka útbreiðslu og engilsaxneskt „f“ heldur er það alltaf notað jafnframt meginlands-„v“ og sumir þrettánda aldar skrifarar virðast hreint ekki nota engilsaxneskt „v“. Engilsaxneskt „v“ er sjaldséð á fjórtánda öld og hverfur þá úr íslenski skrift.²¹ Í norski skrift var engilsaxneskt „v“ notað allar götur fram um 1300 en er sjaldséð eftir það.²² Freistandi er að álíta að þarna séu tengsl á milli íslenskrar og norskrar skriftar og bæði tilkomu og hvarf engilsaxnesks „v“ í íslenski skrift megi rekja til norskra áhrifa.

Bókstafurinn „ð“ birtist á fyrsta fjórðungi þrettánda aldar, svo sem á hómilíubrotunum á AM 686 b 4to (leifar af fimm blöðum) og AM 686 c 4to (eitt blað) frá um 1200–1225 (EIS nr. 15 og 16), og AM 655 I 4to (hluti af blaði) frá um 1225–1250 (EIS nr. 35). Bókstafurinn „ð“ nær fljótt mikilli útbreiðslu í íslenski skrift og er þegar frá upphafi fyrst og fremst notaður í inn- og bakstöðu orða en „þ“ er aftur á móti mest notað í framstöðu orða. Á fjórtánda öld, einkum á síðari hluta aldarinnar, dregur verulega úr notkun „ð“ í íslenski

19 Höfundur Annarrar málfræðiritgerðarinnar, sem líkast til hefur verið að verki seint á þrettánda öld, gerir aftur á móti ráð fyrir bókstafnum „ð“, sjá Raschellà, ed. *The So-Called Second Grammatical Treatise. An Orthographic Pattern of Late Thirteenth-Century Icelandic* (Firenze: Felicie le Monnier, 1982).

20 Hreinn Benediktsson, *Early Icelandic Script*, 21, 40–44. Stefán Karlsson, „The development of Latin script II: in Iceland“, 834. Guðvarður Már Gunnlaugsson, „The origin and development of Icelandic script“, 90. Guðvarður Már Gunnlaugsson, „The Origin of Icelandic Script: Some Remarks“, 316. Guðvarður Már Gunnlaugsson, „Manuscripts and Palaeography“, 255–256. Guðvarður Már Gunnlaugsson, „Caroline and Proto-Gothic Script in Norway and Iceland“, 200.

21 Hreinn Benediktsson, *Early Icelandic Script*, 42–43. Stefán Karlsson, „The development of Latin script II: in Iceland“, 837.

22 Seip, *Palaeografi B: Norge og Island*, 74–75, 120. Haugen, „The development of Latin script I: in Norway“, 829.

skrift. Ekki snúa íslenskir skrifarar þó aftur til fyrri táknbeitingar þar sem „þ“ var eina táknið fyrir tannmæltu öngljóðið heldur grípa þeir til stafsins „d“ í þess stað. Á síðari hluta fjórtándu aldar fjarar notkun „ð“ smám saman út og eftir 1400 er „ð“ sjaldséd.²³ Í töflu 1 er þessi stafsetningarþróun sýnd með orðunum *þaðan* og *þjóð*. Rétt er að taka fram að þarna er aðeins um að ræða breytingu á skrift og stafsetningu; ekkert bendir til að framburðurinn á öngljóðinu hafi breyst.

	<i>þaðan</i>	<i>þjóð</i>
12. öld	„þapan“	„þióþ“
13. öld	„þaðan“	„þióð“
15. öld	„þadan“	„þiód“

Tafla 1 Táknun tannmæltu öngljóðanna í íslenskrri stafsetningu á tólftu, þrettándu og fimmtándu öld.

Þróunin var mjög lík í norskrri skrift. Þar tók bókstafurinn „ð“ að víkja fyrir „d“ undir lok þrettándu aldar og á fjórtándu öld verður „d“ smám saman ríkjandi.²⁴ Þróunin í norskrri skrift er því sambærileg við það sem gerðist í íslenskrri skrift: Bókstafurinn „ð“ víkur smám saman fyrir „d“. Hér virðist því líka freistandi að álykta að saga bókstafsins „ð“ í íslenskrri miðaldaskrift sé tengd sögu hans í norsku, bæði upphaf notkunar „ð“ í íslenskrri skrift á öndverðri þrettándu öld og sömuleiðis brotthvarf á síðari hluta fjórtándu aldar.²⁵

Í bæði íslenskrri skrift og norskrri gætti á fjórtándu öld vaxandi léttiskrifaráhrifa í bókskrift en þau birtust ekki síst í belgjum á háleggjum bókstafanna „b“, „h“, „k“, „l“ og „þ“. Jafnframt fékk bókstafurinn „d“, sem þá

23 Hreinn Benediktsson, *Early Icelandic Script*, 43–44. Stefán Karlsson, „The development of Latin script II: in Iceland“, 835.

24 Seip, *Palaeografi B: Norge og Island*, 70–71, 117. Haugen, „The development of Latin script I: in Norway“, 829. Gustav Indrebø, *Norsk målsoga*, utgjevi av Per Hovda og Per Thorson (Bergen, 1951), 229–230. Gustav Indrebø, *Norsk målsoga*, 2. utgåva, auka og umvølt (Bergen: Norsk Bokreidingslag, 2001), 216.

25 Stefán Karlsson, „The development of Latin script II: in Iceland“, 834–835. Guðvarður Már Gunnlaugsson, „The origin and development of Icelandic script“, 90. Guðvarður Már Gunnlaugsson, „The Origin of Icelandic Script: Some Remarks“, 316. Guðvarður Már Gunnlaugsson, „Manuscripts and Palaeography“, 255–256. Guðvarður Már Gunnlaugsson, „Caroline and Proto-Gothic Script in Norway and Iceland“, 200.

hafði sveigðan hálegg, „ð“, gjarna finan drátt nokkurn veginn samsíða háleggnum. Í slíkri skrift hefur ef til vill verið erfitt að viðhalda aðgreiningu „d“ og „ð“, sem oftast hafði bugðu hægra megin við sveigðan hálegginn; bugðan á „ð“ hefur hugsanlega verið túlkuð sem hluti af almennu léttiskriftaryfirbragði skriftarinnar.

Á bak við brotthvarf „ð“ í íslenskri og norski skrift var þó ólík hljóðkerfisþróun. Í norsku tók raddaða tannmæltá öngljóðið [ð] að falla brott eða lokhljóðast þegar á þrettánda öld, eins og sýnt er með nokkrum dæmum í töflu 2 hér að neðan, og sú þróun hélt áfram á þeirri fjórtánda.²⁶

Brottfall ð í norsku	Lokhljóðun ð í norsku
fno. <i>blað</i> > nno. <i>bla</i>	fno. <i>dygð</i> > nno. <i>dygd</i>
fno. <i>staðr</i> > nno. <i>sta</i>	fno. <i>fórði</i> > nno. <i>førde, førte</i>
fno. <i>kastaði</i> > <i>kastae</i> > nno. <i>kasta</i>	fno. <i>trúði</i> > nno. <i>trudde</i>

Tafla 2 Nokkur dæmi um brottfall ð og lokhljóðun í norsku.

Á sama tíma lokhljóðaðist óraddaða tannmæltá öngljóðið [θ] í *t* í áhersluatkvæði (fno. *þing* > nno. *ting*) en í *d* í áhersluléttum orðum (fno. *þú* > nno. *du*).²⁷ Þessi hljóðkerfisbreyting, þar sem hljóðanið /p/ féll brott úr hljóðkerfi norsku, hafði óhjákvæmilega áhrif á ritmálið. Bókstafurinn „ð“ hlaut að falla brott því að hann var óþarfur.²⁸

Í íslensku átti sér ekki stað viðlíka brottfall í hljóðkerfinu; þar hélt hljóðanið /p/ velli og er enn í nútímamáli ásamt hljóðbrigðunum [θ] og [ð]. Brotthvarf bókstafsins „ð“ úr ritmálinu verður því síður en svo rakið til þess að öngljóðið sem það táknaði hafi horfið úr hljóðkerfi íslenskunnar. Reyndar hefur aðgreinandi hlutverk bókstafanna „ð“ og „d“ verið afar takmarkað í íslenskri stafsetningu á tólftu og þrettánda öld því að [ð], hið raddaða afbrigði hljóðansins /p/, var sjaldnast í andstöðu við lokhljóðið

26 Gustav Indrebø, *Norsk målsoga*, 226–229 (Gustav Indrebø, *Norsk målsoga*, 2. utgåva, 213–214). Didrik Arup Seip, *Norsk språkhistorie til omkring 1370*, 2. utgave (Oslo: Aschehoug, 1955), 158–161, 273–274.

27 Indrebø, *Norsk målsoga*, 229 (Indrebø, *Norsk målsoga*, 2. utgåva, 216).

28 Á fjórtánda öld verður þess vart einstaka sinnum að „th“ er notað í stað bókstafsins „þ“ en „þ“ hörfar hratt á fimmtánda öld, einkum eftir um 1420; Seip, *Palæografi B: Norge og Island*, 121.

/d/, eins og sýnt er með nokkrum dæmum í töflu 3 hér á eftir (þar sem miðað er við orðstofna). Aðgreining önghljóðsins *ð* og lokhljóðsins *d* var til að mynda upphafin á milli sérhljóða (VðV : VdV) því að í þeirri stöðu kom aðeins önghljóðið fyrir (til dæmis *bíða*) en ekkert íslenskt orð hafði þar lokhljóðið *d*. Í stafsetningu skipti því ekki höfuðmáli hvort ritað var „ð“ eða „d“ í þeirri stöðu – til dæmis „bíða“ eða „bída“ – vegna þess að lesandi hlaut alltaf að túlka það sem tákn fyrir önghljóðið *ð*; lokhljóðið *d* kom einfaldlega ekki til greina. Aðgreining önghljóðsins *ð* og lokhljóðsins *d* var upphafin með þessum hætti í ýmiss konar hljóðumhverfi; aðeins annað þessara tveggja hljóða gat komið fyrir, en ekki bæði, eins og sýnt er með nokkrum dæmum í töflu 3.

Aðeins á eftir sérhljóði + *l* eða *n* gátu bæði önghljóðið *ð* og lokhljóðið *d* komið fyrir, eins og sýnt er í skyggðu reitunum í töflu 3. Þannig voru til í málinu þör eins og til dæmis *valði* (af sagnorðinu *velja*) og *valdi* (af nafnorðinu *vald*) og *venði* (af sagnorðinu *venja*) og *vendi* (af nafnorðinu *vöndr*). Þarna skipti sem sagt máli hvort borið var fram önghljóð eða lokhljóð og þar með einnig hvort ritað var „ð“ eða „d“.

Þetta breyttist að líkindum á fjórtánda öld þegar önghljóðið *ð* varð að lokhljóði á eftir *l* og *n* (og reyndar einnig *m*). Þá urðu myndir eins og *valði* og *venði* að *valdi* og *vendi* (og *samði* að *samdi*).²⁹ Sambærileg lokhljóðun hafði þegar átt sér stað víða í norsku á tólftu öld.³⁰

29 Sams konar lokhljóðun *ð* hefur einnig átt sér stað þar sem *nð* og *lð* urðu til við einföldun samhljóðaklása, til dæmis *skelfði* > *skel(f)di*, *hengði* > *hen(g)di*, *kembði* > *kem(b)di*. Um líkt leyti hefur mögulega hafist lokhljóðun *ð* á eftir *f*, *g*, *r* (*hafði* > *hafdi*, *sagði* > *sagdi*, *barði* > *bardi*). Stefán Karlsson, „Tungan“, 15. [Endurprentun: Stefán Karlsson, *Stafkrókar*, 30.]

30 Indrebø, *Norsk målsoga*, 121–122 (Indrebø, *Norsk målsoga*, 2. utgåva, 119). Seip, *Norsk språkhistorie til omkring 1370*, 177–178.

#ðV-	:	#dV-			
—	:	<i>dalr</i>			
VðV	:	VdV	Vð#	:	Vd#
<i>bíða</i>	:	—	<i>beið</i>	:	—
Vvð	:	Vvd	Vðv	:	Vdv
<i>hafði</i>	:	—	<i>vøðvi</i>	:	—
Vrð	:	Vrd	Vðr	:	Vdr
<i>barði</i>	:	—	<i>iðrun</i>	:	—
Vγð	:	Vγd	Vðg	:	Vdg
<i>sagði</i>	:	—	<i>feðgar</i>	:	—
Vmð	:	Vmd	Vðm	:	Vdm
<i>samði</i>	:	—	<i>faðmr</i>	:	—
>		<i>samdi</i>			
Vlð	:	Vld	Vðl	:	Vdl
<i>valði</i>	:	<i>valdi</i> (þgf.)	<i>eðli</i>	:	—
>		<i>valdi</i>			
Vnð	:	Vnd	Vðn	:	Vdn
<i>venði</i>	:	<i>vendi</i> (þgf.)	<i>auðna</i>	:	—
>		<i>vendi</i>			

Tafla 3 Greinarmunur önglhjóðsins *ð* og lokhljóðsins *d* í íslensku máli á tólftu, þrettánda og fjórtánda öld og lokhljóðun *ð* á eftir *l*, *n* og *m* (V stendur fyrir sérhljóð og # táknar orðaskil).

Við þessa lokhljóðun hefur hljóðkerfismunur [ð] og /d/ líkast til orðið fyrirsegjanlegur alls staðar að heita má og aðgreinandi hlutverk bókstafanna „ð“ og „d“ þar með horfið. Í ritmálinu hefði því í raun mátt nægjast með annað tveggja tákna. Í ljósi þess hve mikill breytileiki er í miðaldastafsetningu með fjölda umframtákna í táknerfi hvers skrifara verður að teljast heldur ótrúlegt að lokhljóðun *ð* á eftir *l* og *n* hafi ein og sér ráðið

niðurlögum bókstafsins „ð“. Miklu líklegra er að höfuðástæða þess að smám saman var hætt að nota „ð“ í íslenskri skrift á fjórtánda öld sé sú að norskir skrifarar voru á sama tíma að hætta eða þegar hættir að nota það. Íslenskir skrifarar hafa fylgt þeim sið.

Engilsaxneskt „f“ („ƿ“) sést fyrst á fyrsta fjórðungi þrettánda aldar, um líkt leyti og „ð“, og í upphafi er það nær einvörðungu að finna hjá sömu skrifurum og nota „ð“. Engilsaxneskt „f“ er að finna á hómilíubrotunum á AM 686 b 4to (leifar af fimm blöðum) og AM 686 c 4to (eitt blað) frá um 1200–1225 (EIS nr. 15 og 16), Grágásarbrotinu AM 315 c fol. (leifar af tveimur blöðum) frá um 1200–1225 (EIS nr. 23) og NRA 52 (leifar af sex blöðum) frá um 1225 (EIS nr. 32) með elstu sögu Ólafs helga. Engilsaxneskt „f“ vinnur smám saman á, verður ríkjandi í íslenskum handritum frá miðri þrettánda öld og undir lok þrettánda aldar hefur það að heita má alveg rutt meginlandsafbrigðinu úr vegi, en notkun þess er þá takmörkuð við erlend orð.³¹ Engilsaxneskt „f“ varð þannig allsráðandi „f“-tákn í íslenskri skrift og tók ýmsum breytingum í tímans rás í takti við almenna þróun íslenskrar skriftar. Á elsta skeiði er neðri kvisturinn oftast lárétt strik en efri kvisturinn er oftast sveigður ofboðlítið niður á við (ýmist sveigður eða með nokkuð hvössu horni) en hjá sumum skrifurum er hann líkari depli sem er að mestu laus frá háleggnum. Á fyrri hluta fjórtánda aldar tekur efri kvisturinn að sveigjast niður á við þar til hann snertir neðri kvistinn og um miðja öldina tekur neðri kvisturinn að lengjast og sveigjast niður á við og til vinstri þar til hann snertir láglegginn. Þessi gerð af engilsaxnesku „f“ – sem hefur þá tvo lokaða belgi og er oft nefnt „baggæff“ – verður smám saman ráðandi í íslenskri bóka- og bréfaskrift á síðari hluta fjórtánda aldar og er notuð alveg fram á sautjándu öld og bregður jafnvel fyrir hjá sumum rithöndum á átjándu öld.³²

Í norskri skrift var engilsaxneskt „f“ notað fram á fimmtánda öld. Þar þróaðist það á sama hátt og í íslenskri skrift og fékk tvo lokaða belgi („baggæff“). Meginlandsgerðinni af „f“ bregður fyrir einstöku sinnum í norskri skrift á síðari hluta fjórtánda aldar en engilsaxneskt „f“ er annars ríkjandi

31 Hreinn Benediktsson, *Early Icelandic Script*, 41–42. Stefán Karlsson, „The development of Latin script II: in Iceland“, 836.

32 Stefán Karlsson, „The development of Latin script II: in Iceland“, 836. Til dæmis bregður engilsaxnesku „f“ fyrir í söngvabók í ÍBR 87 4to frá 1709; sjá Guðvarð Mát Gunnlaugsson, *Sýnisbók íslenskrar skriftar*, nr. 68.

fram til um 1420 þegar það fer að víkja fyrir meginlands-„f“.³³ Á fimmtánda öld hefur dregið verulega úr áhrifum Norðmanna á Íslandi og því skilur hér leiðir með íslenski og norski skrift. Á Íslandi er engilsaxneskt „f“ notað lengi enn og meginlandsafbrigðið sést ekki að marki fyrr en á sextánda öld.³⁴

Í stafsetningu íslenskra handrita á tólftu og þrettánda öld er megináferðin við að greina löng sérhljóð frá samsvarandi stuttum sú að setja einfaldan brodd yfir tákna lönga sérhljóðsins, „á“ fyrir hið lönga *á*, „é“ fyrir hið lönga *é* og svo framvegis. Þetta var tillaga höfundar Fyrstu málfræðiritgerðarinnar. Á fjórtánda öld var smám saman farið að nota tvíritun sérhljóðstákna, „aa“ fyrir *á*, „ee“ fyrir *é* og svo framvegis, stundum með broddi eða broddum og stundum var „aa“ ritað sem límingur, „a“, „ã“.³⁵ Í norski stafsetningu höfðu löng sérhljóð oft verið auðkennd með tvíritun, einkum „aa“, frá því á síðari hluta þrettánda aldar og einkum eftir 1290.³⁶ Einboðið virðist að ætla að þessi tákneiting í íslenskum handritum sé að norski fyrirmynd (og þegar notaður er límingarstafur með broddi eða broddum er tvinnuð saman norski og íslenski rithefð). Límingarstafurinn „a“ (með eða án brodda eða depla) festist í sessi í íslenski stafsetningu þar sem hann var notaður fyrir hið lönga *á* og afkomanda þess, tvíhljóðið [au], allar götur fram á átjándu öld.

Eftir samfall stuttu sérhljóðanna *ø* og *ø* í íslensku á öndverðri þrettánda öld var samfallshljóðið oftast táknað með „ø“, „ø“, „o“ og „a“ (auk „au“ og „av“). Á fjórtánda öld varð „ø“ smám saman aðaltákna fyrir samfallshljóðið, ásamt „o“ og „a“ (auk „au“ og „av“).³⁷ Tákníð „ø“ er sjaldséð í íslenskum handritum á þrettánda öld, nema helst við hlið ýmissa annarra norskra einkenna, en „ø“ var notað í norskum handritum þegar frá elsta skeiði.³⁸ Líklegt

33 Seip, *Palæografi B: Norge og Island*, 118. Haugen, „The development of Latin script I: in Norway“, 829.

34 Gerð stafsins „f“ ræðst vitanlega af skriftargerðum. Engilsaxneskt „f“ var aldrei notað í fljótaskrift.

35 Stefán Karlsson, „Tungan“, 36. [Endurprentun: Stefán Karlsson, *Stafkrókar*, 49.] Stefán Karlsson, „The development of Latin script II: in Iceland“, 836.

36 Magnus Rindal, *Ortografi, fonologi og morfologi i Sth. perg. fol. nr. 6 (Barlaams ok Josaphats saga)* (Oslo: Novus forlag, 1987), 16.

37 Lindblad, *Studier i Codex regius av Äldre Eddan*, 114–115, 308–316; Stefán Karlsson, „Tungan“, 35. [Endurprentun: Stefán Karlsson, *Stafkrókar*, 48.]

38 Harald Spehr, *Der ursprung der isländischen schrift und ihre weiterbildung bis zur mitte des 13. jahrhunderts* (Halle (Saale): Max Niemeyer Verlag, 1929) 109–110; Seip, „Om et norsk skriftlig grunnlag for Edda-dikningen eller deler av den“, 107 (með tilvísunum).

verður að teljast að stóraukin notkun „ð“ í íslenskum handritum á fjórtánda öld sé runnin úr norskri ritvenju. Það ávann sér traustan sess og var notað að minnsta kosti fram á sautjándu öld.

Meginatriðin hér má því draga saman svo: Hér eru þrjú einkenni í íslenski skrift sem telja má til norskra áhrifa. Táknin „þ“, „f“ og „ð“ eru ekki notuð í íslenski skrift á allra elsta stigi. Þau eru aftur á móti notuð í norskri skrift þegar í elstu varðveittu heimildum og ekki virðist ástæða til að efast um að þau hafi borist til Íslands frá Noregi. Aðrar uppsprettur virðast ekki fyrir hendi. Jafnframt virðist mega rekja brotthvarf „þ“ og „ð“ úr íslenski skrift á fjórtánda öld til norskra áhrifa, en hætt var að nota þau í norskri skrift um líkt leyti. Þriðja táknið, „f“, var notað lengur en hin í norskri skrift og hvarf ekki fyrr en eftir að verulega hafði dregið úr norskum áhrifum á Íslandi vegna ýmiss konar samfélagsbreytinga (konungsvaldið fluttist frá Noregi til Danmerkur og jafnframt dvínuðu áhrif Norðmanna í verslun hér á landi). Brotthvarf þess í norskri skrift hafði því ekki áhrif á Íslandi þar sem það var notað allar götur fram á sautjándu öld. Táknun langra sérhljóða með tvíritun eða límingarstaf, „aa“, „a“, „á“ eða „ää“, og notkun táknsins „ö“ má sömuleiðis rekja til norskra áhrifa en þau fengu fastan sess í íslenski stafsetningu þar sem þau voru notuð allar götur fram á sautjándu öld.

Tungumál og bókmennning

Af framansögðu er ljóst að norsk áhrif á skrift og stafsetningu í íslenskum miðaldahandritum virðast almennt hafa náð meiri útbreiðslu og orðið lífseigari en norsk áhrif á sjálft tungumálið. Hvernig skyldi standa á því?

Á tólftu, þrettánda og fjórtánda öld hafa norsk áhrif borist til Íslands eftir ýmsum leiðum en kirkjan og stofnanir tengdar henni hafa þó augljóslega verið ríkuleg uppspretta norskra menningarstrauma hér á landi. Erkebiskupsstóll var settur niður í Niðarósi 1152–1153 og íslenska kirkjan heyrði undir hann. Þetta jók auðvitað til stórra muna samskipti Íslendinga og Norðmanna því að erkibiskup vígði biskupana yfir Íslandi. Æði margir Norðmenn voru vígðir til biskups yfir Íslandi á þrettánda og fjórtánda öld. Nefna má sem dæmi Sigvarð Þéttmarsson, Norðmann er verið hafði ábóti í benediktínaklaustrinu í Selju uns hann var skipaður biskup í Skálholti og vígður í Niðarósi 1238. Sigvarður kom út til Íslands árið eftir og var biskup

í Skálholti í þrjá áratugi, 1238–1268.³⁹ Sama ár og Sigvarður vígðist til Skálholts, 1238, var Bótólfur, bróðir úr ágústínaklaustrinu Helgisetri, vígður Hólabiskup og kom út 1239. Fjórum árum síðar fól hann Sigvarði embætti sitt og fór utan til Noregs þar sem hann andaðist 1246. Heinrekur Kársson var vígður Hólabiskup í stað Bótólfs 1247 og gegndi hann embættinu til 1260, en Heinrekur hefur líklega verið norskur að uppruna.⁴⁰ Þá er skylt að nefna Jón Halldórsson, Skálholtsbiskup 1322–1339, en hann hefur verið talinn norskur maður.⁴¹ Jón var mikill lærdómsmaður og er honum eignuð Klárus saga og safn uppbyggilegra dæmisagna (ævintýra). Þórarinn pentur var prestur í þjónustu biskups en hann var listamaður í að lýsa og skrifa bækur.⁴²

Norðmenn sem vígðust til biskups á Íslandi hafa óefað tekið með sér út hingað norska embættismenn til starfa við biskupsstólana, meðal annars til kennslu, og eins er líklegt að Norðmenn hafi tekið þátt í klausturhaldi hér, bæði vegna áhrifa Norðmanna á biskupsstólunum á Íslandi og tengsla við klausturreglur í Noregi.⁴³ Kirkja og klaustur hafa því verið undir sterkum áhrifum norsks mál og menningar á þrettánda og fjórtánda öld.

Kirkja og klaustur gegndu veigamiklu hlutverki í bókagerð á Íslandi á miðöldum. Þar voru skrifaðar bækur og bréf og þar fór fram kennsla. Bóka- og bréfagerð átti sér vitanlega einnig stað utan kirkju og klaustra. Efnameiri bændur (höfðingjar) hafa eflaust líka haft forgöngu um bókagerð og ýmsa gerninga þurftu þeir að bréfa. Bókagerð stórbænda hefur þó eflaust alltaf verið undir miklum áhrifum kirkju og klaustra því að þar hafa margir bændasynir sótt sína menntun og lært að sýsla með ritað mál. Kirkja og klaustur hafa því verið áhrifamiklar stofnanir í bókagerð á landinu og hafi norsk skriftar- og stafsetningarvenja notið virðingar þar hefur hún óhjákvæmilega átt greiða leið til allra þeirra sem þar lærðu letursins list. Vegna

39 Guðrún Ása Grímsdóttir, „Biskupsstóll í Skálholti“, *Saga biskupsstólanna*, ritstj. Gunnar Kristjánsson og Óskar Guðmundsson (Akureyri: Bókaútgáfan Hólar, 2006), 34–35.

40 Magnús Stefánsson, „Kirkjuvald eflist“, *Saga Íslands 2*, ritstj. Sigurður Líndal, 55–144 (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag og Sögufélagið, 1975), 139.

41 Sverrir Tómasson, „Trúarabókmenntir í lausu máli á síðmiðöld“, *Íslensk bókmenntasaga 2*, ritstj. Vésteinn Ólason (Reykjavík: Mál og menning, 1993), 276.

42 Guðrún Ása Grímsdóttir, „Biskupsstóll í Skálholti“, 37.


43 Gunnar F. Guðmundsson, *Íslenskt samfélag og Rómakirkja*, Kristni á Íslandi 2, ritstj. Hjalti Hugason (Reykjavík: Alþingi, 2000), bls. 215–216; Kjartan G. Ottósson, *The Icelandic Middle Voice*, 167. Heimildir um klausturlifnað eru reyndar takmarkaðar, sjá Janus Jónsson, „Um klaustrin á Íslandi“, *Timarit hins íslenska bókmenntafjelags* 8 (1887): 174–265.

Þess hve þessar stofnanir höfðu mikil ítök í bókagerð og skólahlaldi á landinu hlutu straumar og stefnur í skrift og stafsetningu þar að hafa mótagandi áhrif á þorra þeirra sem þá lærðu bóka- og bréfagerð. Ekki kemur því á óvart að ýmis norsk áhrif í skrift og stafsetningu hafi náð að festast í sessi hér á landi.⁴⁴

Tungumálið lýtur allt öðrum lögmálum en skrift og stafsetning. Skrift og stafsetning er handverk sem nemandi nemur af kennara með skipulegum hætti og þjálfar og beitir með meðvitundum hætti. Tungumálið er aftur á móti kerfi sem lýtur ómeðvitaðri málkunnáttu þeirra sem það tala. Hin ómeðvitaða málkunnáttu felur meðal annars í sér safn málfræðireglna sem við tileinkum okkur á máltökuskeiði og beitum ómeðvitað þegar við tölum. Mikilvægasti málmótunartíminn er máltökuskeiðið, frá fæðingu og fram að kynþroska, en máltakan sjálf á sér stað án nokkurrar skipulegrar kennslu eða skólagöngu, ólíkt námi í lestri, skrift og stafsetningu. Börn lærðu móður málið út um land allt – þá eins og nú – án þess að kirkja eða klaustur ættu þar hlut að máli. Vera má að mál það sem talað var innan veggja þessara stofnana, og mögulega einnig í allra nánasta umhverfi þeirra, hafi verið nokkuð norskublandið en allur þorri þeirra íslensku barna sem þá voru að tileinka sér mál á máltökuskeiði var vitanlega ósnortinn af því; börn lærðu mál sitt við móðurkné en ekki í kirkju eða klaustri. Mállegt áreiti í gegnum kirkjulegar athafnir hefur eflaust haft áhrif á mál þeirra sem þær sóttu reglulega en það áreiti hefur væntanlega fyrst og fremst haft áhrif á orðaforða, en það hefur verið of lítið til að hrófla að marki við kerfislegum þáttum málsins, svo sem hljóðkerfi, beygingum og setningagerð. Áhrif norsku eða norskuskotinnar íslensku sem töluð var innan kirkjunnar og klaustranna voru því takmörkuð.

Áhrifamáttur kirkju og klaustra á þessum tveimur sviðum, á skrift og stafsetningu annars vegar og á tungumálið hins vegar, var því afar mismikill. Á mynd 1 er gerð tilraun til að sýna þetta myndrænt.

44 Norsk áhrif voru vitanlega einnig á ýmsum öðrum sviðum, svo sem í verslun, og eftir að Ísland fór undir Noregskonung hafa hér verið umboðsmenn konungs sem margir voru norskir og hafa ef til vill haft með sér norska skrifara. Líklegt má þó teljast að áhrif á skrift og bókagerð hafi að langstærstu leyti komið í gegnum kirkju og klaustur.



Mynd 1 Skrift, stafsetning og mál á þrettánda og fjórtánda öld. Hringur A er skrift og stafsetning. Hringur B er íslenskt mál. Skyggða svæðið er áhrifasvæði kirkju og klaustra.

Í skrift og stafsetningu voru kirkja og klaustur í lykilstöðu sem þungamiðja bókagerðar og kennslu; það er hringur A á mynd 1. Áhrif þessara stofnana teygðu sig til alls þorra þeirra sem lærðu að letra bækur og bréf á þrettánda og fjórtánda öld. Kirkja og klaustur höfðu ekki sams konar ráðandi stöðu gagnvart þeim sem tileinkuðu sér tungumálið og töluðu það; það er hringur B á mynd 1. Kerfisleg áhrif norskublandins máls kirkju og klaustra náðu ekki langt út fyrir veggi þessara stofnana; börn tileinkuðu sér tungumálið án íhlutunar kirkju og klaustra.

Heimildir okkar um norsk máláhrif á Íslandi á þrettánda og fjórtánda öld einkorðast við ritaðar heimildir. Þessi áhrif sjást í íslensku ritmáli frá þessum tíma; ritmáli sem ber annars með sér að vera íslenska en ekki norska og hefur því ugglaut verið skrifað af Íslendingum. Sú spurning hlýtur að vakna að hvaða marki þeir þættir sem við sjáum í ritmálinu voru hluti af tungumáli þeirra sem skrifuðu handritin. Við því fáum við aldrei óyggjandi svar. Vert er þó að vekja athygli á því að þessi norsku einkenni birtast jafnan í bland við samsvarandi íslensk einkenni; norskum máleinkennum er aldrei beitt alveg kerfisbundið í því máli sem Íslendingar skrifa. Það bendir til þess að þau hafi ekki verið hluti af málkerfi skrifaranna sjálfra heldur hluti af málviðmiði sem þeir leituðust við að fylgja (með misjöfnum árangri). Sú staðreynd að þessi einkenni hverfa flest fremur snögglega úr rituðum heimildum – „næsten som ved et trylleslag“, sagði Stefán Karlsson⁴⁵ – bendir

45 Stefán Karlsson, „Íslandsk bogeksport til Norge i middelalderen“, 13.

líka til þess að þau hafi hvorki verið útbreidd né djúptæk heldur hafi ef til vill fyrst og fremst verið um að ræða ritmálsstíl eða ritmálsviðmið.

Hér mætti benda á tvær hliðstæður, dæmi um ritmálsviðmið sem ekki virðist hafa skotið rótum í mæltu máli nema að mjög litlu leyti. Í fyrsta lagi má nefna mál siðaskiptabókmenntanna og þeirra trúarlegu bókmennta sem prentaðar voru í prentsmiðju kirkjunnar um tveggja alda skeið. Það einkenndist af hátíðlegum stíl með flókinni latnesk-þýskri setningagerð og fjölda dansk-þýskra aðkomuorða, eins og Kjartan G. Ottósson hefur fjallað um.⁴⁶ Ekki verður þó betur séð en málið á siðaskiptabókmenntunum og hið opinbera mál kirkju og lærðra manna á sextánda, sautjándu og fram á átjándu öld hafi verið æði frábrugðið venjulegu mæltu máli á þeim tíma. Þetta má meðal annars ráða af öðrum ritheimildum frá þessum tíma, til að mynda Biskupaannálum Jóns Egilssonar (1548–1636?) og skrifum Jóns lærða Guðmundssonar (1574–1658) og Björns Jónssonar á Skarðsá (1574–1655) sem ekki hafa þessi einkenni nema í litlum mæli.⁴⁷ Þessi einkenni viku líka úr málinu, eins og svo mörg norsk máleinkenni þrettánda og fjórtánda aldar.

Í annan stað má nefna mál upplýsingarmanna, sem hafði annað yfirbragð og fjölda nýyrða, og í framhaldinu áhrif Bessastaðaskóla og Fjölnismanna þar sem málfarslegra fyrirmýnda var leitað í forn málinu. Þar sem yngri framburðar- eða beygingartilbrigði voru notuð samhliða eldri fyrirbærum var eldra tilbrigðið iðulega tekið fram yfir hið yngra og leitast við að útrýma hinu yngra. Á nítjándu öld styrktust því í sessi ýmis fornleg máltilbrigði. Samræming stafsetningar tók líka mið af stafsetningu þrettánda aldar og inn í ritmálið komu einkenni sem vart hafa átt sér mikla stoð í talmáli þessa tíma. Nefna má sem dæmi beygingu sagnarinnar *hafa* í eintölu í nútíð framsöguháttar. Á nítjándu og lengi framan af tuttugustu öld er myndin *hefir* þýsna algeng í 2. og 3. persónu eintölu í framsöguhátti nútíðar í ritmáli (*þú hefir, hann hefir*) og hefur þar verið endurvakin að fornri fyrirmynd. Myndin *hefir* virðist þó fyrst og fremst hafa verið ritmálsmynd sem ekki var notuð almennt í mæltu máli; þar var *hefur* allsráðandi (eins og nú á dögum). Valtýr Guðmundsson segir í málfræði sinni 1922 að *hefir* sé notuð

46 Kjartan G. Ottósson, *Íslensk málbreinsun. Sögulegt yfirlit*, Rit Íslenskrar málnefndar 6 (Reykjavík: Íslensk málnefnd, 1990), 14–20.

47 Jakob Benediktsson, „Hugleiðingar um íslenzka tungu“, *Samvinnan* 65.4 (1971): 15; Kjartan G. Ottósson, *Íslensk málbreinsun*, 18.

í ritmáli en sé fengin úr forn málinu og tilheyrir ekki nútímamálinu, og Stefán Einarsson tekur í sama streng í málfræði sinni 1949.⁴⁸

Varúðar skal auðvitað gætt þegar aðstæður í málfræðinum á fjórtánda öld eru bornar saman við aðstæður á sextánda og sautjándu öld eða níttjándu og tuttugustu öld. En hér er bent á þessi dæmi um ritmálsviðmið til að vekja athygli á því að verulegur munur getur verið á milli ritmáls og mæltis máls. Á sama hátt virðist sennilegt að norsk máleinkenni í íslenskum handritum á þrettánda og fjórtánda öld hafi fyrst og fremst verið ritmálséinkenni sem ekki hafi náð neinni verulegri fótfestu í mæltu máli.

Niðurstaða

Norsk áhrif á skrift og stafsetningu á Íslandi á miðöldum voru bæði útbreiddari og langærri en norsk áhrif á íslenskt mál. Kirkja og klaustur voru í senn mikilvæg braut norskra áhrifa inn í íslenskt samfélag og þungamiðja lærdóms, kennslu og bókagerðar. Norsk áhrif þar hlutu því að ná til mjög stórs hluta þeirra sem fengust við bókagerð og gátu ekki hvað síst haft mótandi áhrif í gegnum kennslu. Norsk áhrif í skrift og stafsetningu gátu því hæglega orðið hluti af íslenskri skriftarvenju. Kirkja og klaustur voru aftur á móti ekki í sömu áhrifastöðu þegar kom að tungumálinu. Kirkja og klaustur gegndu ekki sambærilegu mótandi hlutverki í máltöku. Þau norskú máleinkenni sem sjást í ritheimildum frá þrettánda og fjórtánda öld hafa því líklega hvorki rist djúpt né verið útbreidd. Líklegt má teljast – einkum ef haft er í huga hve snögglega þau hurfu – að þau hafi verið bundin við ritmálið og ekki náð neinni verulegri fótfestu í mæltu máli. Þessi norskú máleinkenni (til dæmis *lutr* fyrir *hlutr*, *ross* fyrir *hross*, *ek hefir* í stað *ek hefi* o.fl.) samræmdust ekki íslenskri málvenju og hlutu þess vegna að hverfa þegar norskur málfyrirmyndir hurfu. Norskættuð einkenni í skrift og stafsetningu voru aftur á móti ótengd tungumálinu og gátu þess vegna auðvitað lifað áfram sem hluti af íslenskri skrifarvenju eftir að norskum áhrifum létti.

48 Valtýr Guðmundsson, *Íslensk grammatik. Íslensk nutidssprog* (København: H. Hagerups forlag, 1922), 133, nmgr. 1; Stefán Einarsson, *Icelandic. Grammar. Texts. Glossary* (Baltimore: The Johns Hopkins Press, 1949), 89. Valtýr Guðmundsson sýnir kennimyndir í meginmáli og notar þar 1. persónu myndina *hef* og bætir við í neðanmálgrein: „Í Skriftspr. ogsaa *hefi*, men denne Form er laant fra Oldspr. og tilhører ikke Nutidsproget.“ Einboðið er að skilja orð Valtýs þannig að hann eigi við að nútíðarbeygingin sé *bef*, *befur*, *befur* en ritmálsmyndirnar séu *hefi*, *hefir*, *hefir*.

RITASKRÁ

- Chapman, Kenneth G. *Icelandic-Norwegian Linguistic Relationships*. Norsk tidsskrift for sprogvidenskap suppl. bind 7. Oslo/Bergen: Universitetsforlaget, 1962.
- Guðrún Ása Grímsdóttir. „Biskupsstóll í Skálholti“. Í *Saga biskupsstólanna*, ritstj. Gunnar Kristjánsson og Óskar Guðmundsson, 21–243. Akureyri: Bókaútgáfan Hólar, 2006.
- Guðvarður Már Gunnlaugsson. „The Origin of Icelandic Script: Some Remarks“. Í *The Fantastic in Old Norse/Icelandic Literature – Sagas and the British Isles. Preprint papers of the Thirteenth International Saga Conference, Durham and York, 6th–12th August 2006*, ritstj. John McKinnell, David Ashurst og Donata Kick 1, 314–319. Durham: The Centre for Medieval and Renaissance Studies, Durham University, 2006.
- Guðvarður Már Gunnlaugsson. „Manuscripts and Palaeography“. In *A Companion to Old Norse-Icelandic Literature and Culture*, ritstj. Rory McTurk, 245–264. Malden: Blackwell, 2007.
- Guðvarður Már Gunnlaugsson. *Sýnisbók íslenskrar skriftar*. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 2007.
- Guðvarður Már Gunnlaugsson. „The origin and development of Icelandic script“. Í *Régionalisme et Internationalisme – Problèmes de Paléographie et de Codicologie du Moyen Âge. Actes du XVe Colloque du Comité International de Paléographie Latine (Vienne, 13–17 Septembre 2005)*, ritstj. Otto Kresten og Franz Lackner, 87–94. Wien: Verlag der Österreichischen Akademie der Wissenschaften, 2008.
- Guðvarður Már Gunnlaugsson. „Caroline and Proto-Gothic Script in Norway and Iceland“. Í *Latin Manuscripts of Medieval Norway. Studies in Memory of Lilli Gjerløw*, ritstj. Espen Karlsen, 199–213. Oslo: Novus Press, 2013.
- Gunnar F. Guðmundsson. *Íslenskt samfélag og Rómakirkja*. Kristni á Íslandi 2, ritstj. Hjalti Hugason. Reykjavík: Alþingi, 2000.
- Gunnar Karlsson. „Um aldur og uppruna kv-framburðar“. *Íslenzk tunga* 6 (1965): 20–37.
- Hagland, Jan Ragnar. *Ríkisstyring og spráknorm. Spørsmålet om kongens kanselli i norsk språkhistorie på 1200- og første halvdel af 1300-tallet*. Dragvoll, 1985.
- Haugen, Odd Einar. „The development of Latin script I: in Norway“. Í *The Nordic Languages. An International Handbook of the History of the North Germanic Languages*, ritstj. Oskar Bandle o.fl., 1, 824–832. Berlin & New York: Walter de Gruyter, 2002.
- Hreinn Benediktsson. „Icelandic Dialectology: Methods and Results“. *Íslenzk tunga* 3 (1961–1962): 72–113.
- Hreinn Benediktsson. Ritdómur um *Icelandic-Norwegian Linguistic Relationships* eftir Kenneth G. Chapman. *Íslenzk tunga* 4 (1963): 152–162.
- Hreinn Benediktsson. *Early Icelandic Script as Illustrated in Vernacular Texts from the Twelfth and Thirteenth Centuries*. Íslenzk handrit, series in folio 2. Reykjavík: The Manuscript Institute of Iceland, 1965.

- Hreinn Benediktsson, ed. *The First Grammatical Treatise*. University of Iceland Publications in Linguistics 1. Reykjavík: Institute of Nordic Linguistics, 1972.
- Indrebø, Gustav. *Norsk målsoga*. Utgjevi av Per Hovda og Per Thorson. Bergen, 1951.
- Indrebø, Gustav. *Norsk målsoga*. 2. utgåva, auka og umvølt. Bergen: Norsk Bokreidingslag, 2001.
- Jakob Benediktsson. „Hugleiðingar um íslenzka tungu“. *Samvinnan* 65.4 (1971): 12–16.
- Jakobsen, Alfred. *Studier i Clarus saga. Til spørsmålet om sagaens norske proveniens*. Bergen, Oslo: Universitetsforlaget, 1964.
- Janus Jónsson. „Um klaustrin á Íslandi“. *Tímarit hins íslenzka bókmenntafjelags* 8 (1887), 174–265.
- Jón Helgason. *The Arna-Magnæan Manuscript 674 a, 4to. Elucidarius*. Manuscripta Islandica 4. Copenhagen: Einar Munksgaard, 1957.
- Kjartan G. Ottósson. *Íslensk málbreinsun. Sögulegt yfirlit*. Rit Íslenskrar málnefndar 6. Reykjavík: Íslensk málnefnd, 1990.
- Kjartan G. Ottósson. *The Icelandic middle voice. The morphological and phonological development*. Lund: Department of Scandinavian Languages, Lund University, 1992.
- Kjartan Ottósson. „Heimenorsk innverknad på íslandsk språk i mellomalderen, særleg i morfologien“. Í *Útnorður. West Nordic Standardisation and Variation. Papers from a Symposium in Stockholm, October 7th 2001*, ritstj. Kristján Árnason, 111–152. Reykjavík: Institute of Linguistics, University of Iceland Press, 2003.
- Kuhn, Hans. „Die norwegischen Spuren in der Liederreda“. *Acta Philologica Scandinavica* 22 (1952): 65–80.
- Kyrkjebø, Rune. „Norsk eller íslandsk skrivur í mellomalderhandskrift – ei kritisk vurduring av bruken av språklege kriterium ved heimfesting“. *Nordica Bergensia* 29 (2003): 15–35.
- Lindblad, Gustaf. *Studier i Codex regius av Äldre Eddan*. Lundastudier i nordisk språkvetenskap 10. Lund: Gleerup, 1954.
- Magnús Stefánsson. „Kirkjuvald eflist“. *Saga Íslands* 2, ritstj. Sigurður Línal, 55–144. Reykjavík: Hið íslenzka bókmenntafélag og Sögufélagið, 1975.
- Raschellà, Fabrizio D., ed. *The So-Called Second Grammatical Treatise. An Orthographic Pattern of Late Thirteenth-Century Icelandic*. Firenze: Felicie le Monnier, 1982.
- Rindal, Magnus. *Ortografi, fonologi og morfologi i Sth. perg. fol. nr. 6 (Barlaams ok Josaphats saga)*. Oslo: Novus forlag, 1987.
- Rindal, Magnus. „Norsk eller íslandsk. Ei drøfting av språkforma i norske og íslandske mellomalderhandskrifter“. Í *Íslensk málsaga og textafræði*, ritstj. Úlfar Bragason, 113–120. Reykjavík: Stofnun Sigurðar Nordals, 1997.
- Seip, Didrik Arup. „Har nordmenn skrevet opp Edda-diktningen?“ *Maal og Minne* (1951): 3–33.
- Seip, Didrik Arup. *Palæografi B: Norge og Island*. Nordisk kultur 28 B. Stockholm: Albert Bonniers förlag, 1954.

- Seip, Didrik Arup. *Norsk språkhistorie til omkring 1370*. 2. utgave. Oslo: Aschehoug, 1955.
- Seip, Didrik Arup. „Om et norsk skriftlig grunnlag for Edda-diktningen eller deler av den“. *Maal og Minne* (1957): 81–207.
- Spehr, Harald. *Der ursprung der isländischen schrift und ihre weiterbildung bis zur mitte des 13. jahrhunderts*. Halle (Saale): Max Niemeyer Verlag, 1929.
- Stefán Einarsson. *Icelandic. Grammar. Texts. Glossary*. Baltimore: The Johns Hopkins Press, 1949.
- Stefán Karlsson. „Om norvagismer i islandske håndskrifter“. *Maal og Minne* (1978): 87–101.
- Stefán Karlsson. „Islandsk bogeksport til Norge i middelalderen“. *Maal og Minne* (1979): 1–17.
- Stefán Karlsson. „Tungan“. *Íslensk þjóðmenning* 6, ritstj. Frosti F. Jóhannesson, 1–54. Reykjavík: Bókaútgáfan Þjóðsaga, 1989. [Endurprentun: Stefán Karlsson. *Stafkrókar. Ritgerðir eftir Stefán Karlsson gefnar út í tilefni af sjötugsafmáli hans 2. desember 1998*. Ritstj. Guðvarður Már Gunnlaugsson, 19–75. Rit 49. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, 2000.]
- Stefán Karlsson. „The development of Latin script II: in Iceland“. Í *The Nordic Languages. An International Handbook of the History of the North Germanic Languages* 1, ritstj. Oskar Bandle o.fl., 1, 832–840. Berlin & New York: Walter de Gruyter, 2002.
- Sverrir Tómasson. „Trúarbókmenntir í lausu máli á síðmiðöld“. *Íslensk bókmenntasaga* 2, ritstj. Vésteinn Ólason, 247–282. Reykjavík: Mál og menning, 1993.
- Valtýr Guðmundsson. *Íslensk grammatik. Íslensk nutidssprog*. København: H. Hagerups forlag, 1922. [Endurprentun: Málvísindastofnun Háskóla Íslands, 1983.]

ABSTRACT

Medieval Icelandic manuscripts from the 13th and 14th centuries exhibit a number of Norwegian linguistic features. There has been considerable scholarly discussion of the extent to which these features reflect actual Norwegian influence on the Icelandic language and the extent to which they were confined to the written register. This paper focuses on a different aspect of Norwegian influence manifest in Icelandic manuscripts, namely the Norwegian influence on Icelandic script and orthography. This influence appears to have been much more extensive and longer-lasting than the linguistic influence. The church and the monasteries were probably the most important channel for these two types of Norwegian influence. As the church and the monasteries were also a major vehicle for book production in Iceland, it is not surprising that Norwegian scribal culture had a lasting impact on Icelandic book production. By contrast, the church and the monasteries did not play a similar role in language acquisition, and thus the Norwegian linguistic influence may have been limited primarily to the vocabulary.

Keywords

Norwegianisms, language contact, scribal culture, script, orthography

ÍSLENSK
KLAUSTURMENNING
Á MIÐÖLDUM

Miðaldastofa Háskóla Íslands
Reykjavík 2016



Faglegur ritstjóri Viðar Pálsson
Ritrynum bókarinnar er þakkað þeirra framlag



MIÐSTÖÐ ÍSLENSKRA BÓKMENNTA
ICELANDIC LITERATURE CENTER

Miðstöð íslenskra bókmennta styrkti útgáfu þessarar bókar

Íslensk klausturmenning á miðöldum

Ritstjóri Haraldur Bernharðsson

Ritstjóri forlags Egill Arnarson
Hönnun og umbrot Studio Studio
(Arnar Freyr Guðmundsson,
Birna Geirfinnsdóttir)
Prentun Litlaprent

Printed in Iceland

Miðaldastofa Háskóla Íslands
Háskólaútgáfan
haskolautgafan.hi.is/hu@hi.is

© Höfundar

Allt efni í þessu riti er verndað af ákvæðum höfundarlags. Ef ekki er til að dreifa samþykki höfunda og Háskólaútgáfunnar er sérhver eintakagerð og dreifing efnisins óheimil nema til komi lagaheimild eða heimild í samningi við Fjölís, samtök rétthafa höfundaréttar. Notkun sem brýtur í bága við lög eða samninga getur haft bóta- og refsiaþbyrgð í för með sér

U201624

ISBN 978-9935-23-124-6